



42. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra *Fundargerð*

Fundur haldinn miðvikudaginn 19. október 2022 á Teams og hófst fundurinn kl. 14.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Soffía Gísladóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, Guðjón M. Ólafsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Erindi frá innviðaráðherra um skipan starfshóps á grundvelli aðgerðar C.4. Borgarstefna í byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036

Lagt fram erindi frá innviðaráðherra, dagsett 4. október s.l., um að skipa einn fulltrúa í starfshóp á grundvelli aðgerðar C.4. Borgarstefna í byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Akureyrarbær fékk samhljóða erindi um að skipa tvo fulltrúa og skipaði Láru Halldóru Eiríksdóttur og Gunnar M. Gunnarsson fyrir sína hönd.

Stjórn SSNE samþykkir að tilnefna Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur, framkvæmdastjóra SSNE í starfshópinn fyrir hönd SSNE.

2. Skipan í stjórn Menningarfélagsins Hofs

Skipa þarf fulltrúa í stjórn Menningarfélagsins Hofs, en boðað verður til aðalfundar félagsins í lok mánaðarins.

Stjórn SSNE samþykkir að tilnefna Elvu Gunnlaugsdóttur í stjórn Menningarfélagsins Hofs.

3. Kynning á for-hagkvæmniathugun vegna líforkuvers í Eyjafirði

Smári Jónas Lúðvíksson, verkefnastjóri SSNE og Guðmundur Haukur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vistorku mættu til fundar við nefndina til að kynna stöðu for-hagkvæmniathugunar vegna líforkuvers í Eyjafirði. Haldinn verður kynningarfundur fyrir sveitarstjórnarfólk á starfssvæði SSNE og öðrum hagsmunaaðilum 1. nóvember næstkomandi.

Stjórn SSNE þakkar fyrir kynninguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.15.